

## Nokkrir punktar um frumvarp til laga um dómstóla.

### 1. Dómstólaráð.

Æskilegt væri að dómstólaráð næði einnig til Hæstaréttar. Í því tilviki væri ekki óeðlilegt að ráðið yrði skipað fimm mönnum og forseti þess væri Hæstaréttardómari. Tveir væru skipaðir af héraðsdómurum, einn af Alþingi og einn af dómsmálaráðherra.

Verði dómstólaráð með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir er skipun þess í alla staði eðlilegt. Sú gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu dómara að ráðherra skipi í dómstólaráð er án raka. Hins vegar er ekki er vafi í mínum huga að takist vel með mótun starfs ráðsins þá muni Hæstiréttur koma þar undir í náinni framtíð.

Þóknun fyrir starf í dómstólaráði á að ákveða af þóknunarnefnd eða Kjaradómi sjá 13. gr.

### 2. Dómarafulltrúar/aðstoðarmenn.

Starfsumhverfi héraðsdómara verður að gjörbreyta þannig að þeir sinni ekki vinnu sem fela má öðrum við rekstur dómsmáls. Hugmyndin með löglærðum aðstoðarmönnum er sú, að öll þau störf sem í dag eru unnin af dómarafulltrúum verði unnin af aðstoðarmönnum að undanskildum rannsóknarúrskurðum. Ennfremur að aðstoðarmenn vinni mörg störf sem héraðsdómarar vinna í dag. Þarna er verið að tala um eðlisbreytingu á dómarastarfinu sem löngu er orðin tímabær enda leiðir hún til aukinnar skilvirkni og meira öryggis í meðferð dómsmála. Með því mætti fækka héraðsdómurum í framtíðinni.

Ef vandamál dómarafulltrúa í dag ætti að leysa með fjölgun héraðsdómara tímabundið myndi það leiða til þess að þessi breyting ætti sér ekki stað.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjöl.

### 3. Reglur um fjölskipun dóms.

Gagnrýni hefur komið fram af hálfu héraðsdómara um afnám greiðslna til héraðsdómara fyrir þátttöku í fjölskipuðum dómi.

Þann 7. september 1995 lagði ég fram svohljóðandi tillögu til umræðu á dómarafundi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

"Lengi hefur verið ljóst að það fyrirkomulag er umdeilt að greiða samdómurum þóknun fyrir að dæma mál sem berast dómnum. Þekkist þetta fyrirkomulag hvergi. Þá fer ákvörðun um þóknun í bág við þau grundvallaratriði hvernig ákvarða skuli dómurum laun....."

Seta héraðsdómara í fjölskipuðum dómi er mál sem snýr að úthlutunarreglum. Þess vegna á ákvæðið um afnám greiðslna fullan rétt á sér.

#### 4. Skipunartími dómstjóra.

Í 13. gr. segir að sami maður verði ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftar en tvisvar samfleytt. Þetta verður að teljast eðlileg regla.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir að skipa skuli dómstjóra til fimm ára í senn. Engar skorður eru settar við endurtekinni skipan dómstjóra. Öll rök hníga hins vegar að því að eðlileg endurnýjun í stjórnun héraðsdómstóls sé æskileg. Má í því sambandi benda á 5. gr. um skipun forseta Hæstaréttar og reynslu af því fyrirkomulagi.

Með því að tímabinda skipunina væri einnig komið í veg fyrir að starf dómstjóra losnaði úr tengslum við það starf hans að dæma mál enda snéri dómstjóri sér aftur að þeim störfum að kjörtímabili loknu. Þá myndi það einnig styrkja stjórnunarstöðu dómstjórans þar sem hann þyrfti ekki að huga að endurkjöri við stjórnun dómsins.

Það er augljóslega miklum vandkvæðum bundið fyrir héraðsdómara að fella dómstjóra í kosningu sem vill sitja áfram í því starfi. Tvö fjögurra ára tímabil eða samtals átta ár ættu að teljast hæfileg í starfi dómstjóra og tíu ár hámark.

Reykjavík 26. nóvember 1997.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari

Til athugunar í kjölfar dóms Hæstaréttar 18. maí sl.

1.

Setningarræða formanns Dómarafélags Íslands á Selfossi 4. nóvember 1994.

....."Á sjötta áratug þessarar aldar fjölgaði málum mikið við dómstóla í Bandaríkjunum. Því var mætt með viðtækum réttarfarsbreytingum sem m. a. Warren Burger hæstaréttardómari stóð að. Slagorð þeirrar baráttu var "Fighting cost and delay in court". Markmiðið var skilvirkni. Þessi þróun hófst áratug síðar í Evrópu. Þar hefur því um langt skeið verið gerð krafa um aukna skilvirkni og hagræðingu dómstóla án þess að kröfur um gæði úrlausna minnki. Þessi þróun hefur í aðalatriðum aldrei ná hingað.

Ég hef ítrekað bent á að dómara hér á landi standi illa að vígi í samanburði við afköst erlendra kollega og að því verði að breyta. (Í Noregi eru samtals 345 dómara en ættu að vera rúmlega 900 í hlutfalli við fjölda dómara hér) Af sumum hefur það sjónarmið verið talið andstætt hagsmunum dómarastéttarinnar. Þetta tel ég skammsýni. Ég tel slíka umræðu þvert á móti styrkja stöðu dómstólanna og dómarastéttarinnar þegar til framtíðar er litið. Komandi kynslóð mun á margan hátt eiga erfitt verk fyrir höndum vegna ytri aðstæðna. Hún mun því neyðast til að beina sjónum sínum að skilvirkni og kostnaði á öllum sviðum opinbers rekstrar. Þetta sjónarmið kemur nú ítrekað fram á opinberum vettvangi. ".....

2. Sjá meðfylgjandi bréf þriggja héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 15. janúar 1995,

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.

Í III. þætti tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R 94/1993, um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómara segir, að búa beri dómurum þær aðstæður að þeir geti starfað á skilvirkan hátt. Í e.-lið 1. gr. segir m. a. að í þessum tilgangi skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að störf sem ekki séu dómstörf séu falin öðrum.

Frá því að héraðsdómur Reykjavíkur tók til starfa hefur það fyrirkomulag gilt að fjórir dómarar deila með sér einum dómritara. Þar með hafa dómarar ekki aðgang að ritara til að sinna ýmsum verkefnum varðandi undirbúning og rekstur mála sem ekki teljast dómstörf og í dag eru unnin af dómurum.

Við undirritaðir þrír héraðsdómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur erum reiðubúnir til umræðu um að mynda í tilraunaskyni deild innan dómsins. Við deildina værum við þrír héraðsdómarar og tveir ritara. Ritarnir væru dómritara auk þess að vera ritara dómara og sinntu þeim störfum sem að mati dómara væri unnt að fela þeim.

Deildinni yrði úthlutað málum en ekki einstökum dómurum innan hennar. Dómarar í deildinni myndu fjölskipa dóm þar sem þess yrði þörf. Þar með yrði tryggt hverjir skipuðu dóm í slíkum tilvikum en núverandi fyrirkomulag í þessum efnum má gagnrýna.

Gert er ráð fyrir að til deildarinnar yrði úthlutað sem svarar fjórum ársverkum dómara eða jafngildi tveimur ársverkum munnlegra fluttra einkamála og tveimur ársverkum sakamála. Deildin myndi skipuleggja sitt innra starf.

Það er mat okkar að með þessu fyrirkomulagi mætti styrkja stöðu og vald dómara og auka enn skilvirkni í meðferð dómsmála. Þá veitti slíkt fyrirkomulag einnig tækifæri á því að dómarar fengju þjálfun í meðferð bæði einka- og sakamála.